

Fjórði fundur skólaneftndar þann 15. nóvember í Laugaskóla kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara. Alma ritaði fundargerð.

1. Nemendafjöldi á haustönn

111 nemendur hófu nám við skólann á haustönn, þar af voru 90 nemendur á heimavist, 3 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 5 voru utan vista og því voru 98 nemendur í dagskóla. 6 nemendur voru utan skóla og 7 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 8 nemendur á almennri braut, 40 á félagsvísindabraut, 22 á íþróttabraut, 27 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 12 á náttúruvísindabraut, einn nemandi var bæði á íþrótt- og náttúruvísindabraut og einn nemandi bæði á íþrótt- og kjörnámsbraut. Einn nemandi hefur hætt á önninni og annar farið í nám utan skóla. Talsverður kynjamunur var. Þannig voru 71 stúlka skráð í skólann og 40 drengir og á heimavist voru 62 stúlkur og 28 drengir.

2. Starfsmannamál á haustönn

Sólborg Matthíasdóttir hefur verið ráðin í 25% starf sem bókaforðing og býður skólaneftnd hana velkomna til starfa. Einnig hefur fjórðingur úr starfi Olgu Hjaltalín Ingólfssdóttur verið skilgreindur í stjórnun þennan vetur.

Ásta Gísladóttir fór í barnsburðarleyfi í byrjun september og kemur úr því í byrjun maí. Aðeins hefur verið um veikindi til lengri tíma í starfsmannahópnum og kom Gunnhildur Hinriksdóttir í 33% starf í rúman mánuð til að leysa kennslu sem út af stóð. Til stóð að skólameistari tæki sér eitthvert leyfi/veikindaleyfi í haust en afleysing hefur ekki enn fundist.

3. Skólastarfið á haustönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarfið á haustönn sem hefur gengið þokkalega það sem af er önninni.

Fyrsta vikan var með aðeins öðrum hætti en oft áður og var farið í tvær styttri ferðir og ekki gist en hópurinn hristist engu að síður þokkalega saman.

Landinn kom og heimsótti okkur í haust út af áfanganum íslenska Vestur-Íslendinga sem Ragna Heiðbjört Þórisdóttir kennir með þeim myndarbrag að hún hlaut tilnefningu frá skólanum til íslensku menntaverðlaunanna. Þetta er í þriðja sinn sem hún býður upp á áfangann þar sem nemendur kynnast máli og menningu Vestur-Íslendinga og því sem hrakti þau vestur um haf. Þjóðræknisfélag Íslendinga hefur jafnan styrkt áfangann og gerði það nú um 360.000 kr. Styrknum var varið í ferðir á Vesturfarasetrin á Hofsósi og á Vopnafirði. Kristín Jóhannsdóttir lektor við kennaradeild HA kom og hélt fyrirlestur um vestur íslensku við góðar undirtektir nemanda. Nemendur þessa áfanga eru einnig með sýningu 1. desember og sjá því um dagskrá skólans á þeim degi.

Í lok september fór A. Hnikarr Jónsson með 10 nemendur á íþróttabraut í viku til Ítalíu á vegum Erasmus+ verkefnis sem okkur bauðst í ágúst að senda nemendur í. Ferðin gekk vel og komu nemendur reynslunni ríkari heim.

Grunnskólamótið var haldið 30. september og komu í Laugar nemendur úr 7.-10.bekk úr 11 dreifbýlisgrunnskólum frá Vopnafirði til þelamerkur auk Hríseyjar. Mótið var hið fjölmennasta til þessa en rúmlega 200 grunnskólanemendur sóttu skólann heim. Mótið heppnaðist vel og var nýtt til kynningar á skólanum.

Í október fór Jón Sverrir Sigtryggsson ásamt Ingu Þóreyju Ingólfssdóttur með 20 útskriftarefni til Spánar í 10 daga ferð sem spannaði tvær helgar og haustfríð. Á meðan fóru kennarar í

námsferð til Finnlands/Eistlands. Tveir af þessum dögum voru haustfrí nemenda en hinir fjórir virku dagarnir voru heima dagar þar sem nemendur (aðrir en útskriftarefni) leystu verkefni sem kennarar höfðu lagt fyrir þá fyrir haustfríið. Á heima dögumum bauðst nemendum að vera í sambandi við kennara í gegnum Teams til að fá hjálp við verkefni. Í haust var ákveðið að vera í samstarfi við Umf. Eflingu um þátttöku í leikstarfi. Engu að síður taka fjórir nemendur þátt í uppfærslu hjá Píramusi og Þispu (leikfélagi Framhaldsskólans á Húsavík). Á þriðja tug nemenda og starfsmanna eru á leikæfingum hjá Eflingu um þessar mundir og stefnt er á frumsýningu í febrúar.

Að venju hefur skólinn lagt mikla áherslu á fræðslu um samskipti og framkomu í haust og hefur fengið þrjá utanaðkomandi fyrirlesara til að fræða bæði nemendur og starfsfólk enda mikið umrót í þjóðfélaginu og ekki alltaf auðvelt að fóta sig. Einnig hefur Eygló náms- og starfsráðgjafi verið með reglulega fræðslu. Þessu til viðbótar hefur talsvert verið um utanaðkomandi fyrirlesara innan áfanga.

Skólabragurinn hefur verið nokkuð góður þessa önnina. Mæting nemenda hefur verið með afbrigðum góð og var raunmætingin yfir 90,8% fyrstu tvö mætingatímabilin (út október). Námsárangurinn hefur haldist í hendur við mætinguna og mjög margir nemendur stefna í góðar einkunnir.

4. Þróunarstarf og breytingar á kennsluháttum

Framhaldsskólinn á Laugum hefur frá árinu 2007 verið í þróunarstarfi um breytingar á kennsluháttum. Nú er svo komið að stundataflan er algerlega fljótandi og aldrei eins frá viku til viku. Námið er því nemendastýrt og þeir vinna við eigin vinnuborð, undir handleiðslu kennara, að þeim verkefnum sem þeir kjósa hverju sinni.

Skólinn fór alfarið yfir í Microsoft Teams sem kennsluumhverfi í haust og allar námsgreinar eru kenndar í gegnum það. Allt rafrænt nám, námsumhverfi og samskipti eru gerð í gegnum Microsoft Teams. Við teljum skólann vera kominn lengst allra skóla á Íslandi í að nota Microsoft Teams til kennslu.

5. Finnlands/Eistlandsferð

Kennarar ásamt skólameistara og kerfisstjóra fóru á tækninámskeið í Finnlandi í vetrarfrískvikunni í október. Um er að ræða námskeið sem halda átti fyrir þremur árum en var frestað nokkrum sinnum vegna Covid. Námskeiðið var um hvernig finnska menntakerfið er byggt upp og hvernig þeir hafa notað upplýsingatækni til þess að hjálpa sér í því að ná betri árangri í skólastarfinu. Áhersla var lögð á Microsoft Teams þar sem skólinn hefur verið að stóruaika notkun þess í kennslu að undanförunu. Einnig voru skoðuð fleiri forrit og búnaður sem gerður er til þess að hjálpa kennurum í starfi sínu. Þar á meðal sýndarveruleikatækni sem Futuklass í Eistlandi hefur verið að þróa sem kennslutæki.

6. Ýmis önnur verkefni á haustönn

Skólinn heldur áfram með innleiðingu Grænna skrefa og stefnir að því að ná skrefum 2 og 3 fljótlega. Guðný Halldórsdóttir raungreinakennari hefur tekið að sér að vera umhverfisfulltrúi og vinnur Bjarney Guðrún Jónsdóttir verkefnastjóri á Vopnafirði með henni að innleiðingunni.

Olga Hjaltalín og Hallur B. Reynisson áfangastjóri vinna að því að koma rafrænni skjalavörslu af stað í skólanum. Þessa stundina strandar verkefnið á rafrænni skilalausn sem er ansi dýr fyrir skólann (dýrari en rafræna skjalavarslan) og er unnið að lausn á því máli ásamt Hugviti hf sem veitir skólanum þjónustu um rafræna skjalavörslu

Olga, fyrir hönd skólans, vinnur að með sveitarfélaginu Þingeyjarsveit að áhættuskoðun og greiningu á áfallaþoli íslensks samfélags. Reiknað er með greiningin hefjist upp úr áramótum. Skólameistari hefur skilað inn til Jafnréttisstofu uppfærðri jafnréttisáætlun til næstu þriggja ára.

7. Agamál
Skólameistari fór yfir nokkur mál sem komu upp á haustönn og viðbrögð við þeim.
8. Fjármál
Samkvæmt útgönguspá skólans verður hann rekinn með 10,9 m.kr. halla á árinu 2022 og er rekstur hans þó 10.835 kr. betri en gert var ráð fyrir (skekka upp á 0,000025%). Hins vegar var ljóst frá upphafi að fjárveitingar til skólans árið 2022 myndi ekki duga fyrir útgjöldum og þó svo að ítrasta aðhalds væri gætt urðu gjöldin 2,6 m.kr. hærri en áætlað var. Laun reyndust 4 m.kr. hærri en áætlað var vegna veikinda starfsfólks (samaltals um 13 veikindamánuðir á árinu 2022). Húsnæði var 1 m.kr. dýrara í rekstri en reiknað var með. Á móti kemur að ferða- og fundakostnaður var 2 m.kr. lægri en áætlað var. Skólinn átti um 13,3 m.kr. til að mæta þessum hallarekstri
Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að fjárheimildir skólans til reksturs hækki um 3,5 m.kr. á milli ára og verði þá 389,9 m.kr. Hins vegar liggur fyrir að húsaleiga mun hækka um 9% eða 13,6 m.kr. og ljóst að fjárheimildir duga engan veginn fyrir rekstri þó svo að launakostnaður sé lækkaður um 8,5 m.kr. á milli ára. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 11 m.kr. halla. Skólinn mun eiga um 2,4 m.kr. til að mæta þeim halla og því vandséð hvernig skólinn verður rekinn án aukinna fjárheimilda.
Ársreikningur Mötuneytis FL árið 2021 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.
Ársreikningur Framkvæmdasjóðs árið 2021 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.
9. Sumarhótel
Hótelrekstur á Laugum gekk vel í sumar og var góð aðsókn á hótelið. Hins vegar lækkaði einkunn hótelsins úr 8,1 í 6,7 og er það áhyggjuefni.
10. Tröllasteinn ehf.
Skólameistari, ásamt stjórnarformanni Tröllasteins ehf., er að reyna að koma á viðræðum við Barna- og menntamálaráðuneytið um að ríkið kaupi heimavistina Tröllastein og þar með sé allt húsnæði sem skólinn notar í eigu ríkisins og á forræði skólans.
11. Framkvæmdir
Íbúð í Draugasteini var löguð og máluð sem og hluti kjallara undir íbúðum í Dvergasteini. Aspirnar verða teknar við tjörnina núna í nóvember og reiknað er með að tjörnin og umhverfi hennar verði endurhannað næsta vor/sumar.
12. Næsti fundur skólanefndar
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 7. febrúar kl. 16.30 á skrifstofu skólameistara.
13. Önnur mál
Í ljósi umræðna um kynferðisofbeldi í framhaldsskólum og viðbrögð við þeim fagnar skólanefnd að mennta- og barnamálaráðuneytið hefur brugðist við ákalli um bætt verklag og skýrari ramma í málaflokknum. Skólanefnd telur afskaplega mikilvægt að stjórnendur framhaldsskóla fái leiðbeiningar og aðstoð þegar slík mál koma upp.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19.30